



Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn aðgengis- og samráðsnefndar um trúnaðaryfirlýsingar og fræðslu til starfsfólks – R20090043

Þann 8. september 2020 var svohljóðandi fyrirspurn lögð fram á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks:

Hvernig er eftirfylgnin með að allt starfsfólk Reykjavíkurborgar á öllum sviðum borgarinnar í þjónustu og stuðningi við fatlað fólk skrifi undir trúnaðaryfirlýsingu og hljóti fullnægjandi kennslu um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hugmyndafræðina um sjálfstætt líf? Er til tölfraði um fjöldann sem hlýtur slíka kennslu og skrifar undir trúnaðaryfirlýsingu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs, velferðarsviðs og íþróttá- og tómstundasviðs.

Svar:

Allt starfsfólk Reykjavíkurborgar skrifar undir yfirlýsingu um trúnað í starfi samhliða því að skrifa undir ráðningarsamning þegar það hefur störf hjá borginni. Stjórnendur bera ábyrgð á því að það sé gert og koma gögnum á launaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Þetta er samkvæmt verklagi um móttöku nýrra starfsmanna og kemur meðal annars fram í gátlista stjórnanda við móttöku nýrra starfsmanna. Starfsfólk launaskrifstofu sem tekur á móti ráðningarsamningum og fylgigögnum, þ.m.t. yfirlýsingu um trúnað í starfi, hefur eftirlit með að öllum gögnum sé skilað við upphaf ráðningar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur haldið fjölda námskeiða um hugmyndafræðina um sjálfstætt líf á síðustu árum. Þessi námskeið hafa bæði verið haldin sem hluti af miðlægrri fræðsluáætlun velferðarsviðs sem og í formi farandfræðslu á starfsmannafundum á sambylum og í íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk. Námskeiðin hafa verið haldin til stuðnings innleiðingar hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf en stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum tekur mið af þeirri hugmyndafræði.

Velferðarsvið gaf út bækling fyrir starfsmenn í þjónustu við fatlað fólk í tengslum við innleiðingu hugmyndafræðinnar. Bæklinginn er að finna á meðfylgjandi vefslóð:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/velferdarsvid_210_x210_hugmyndafrædi_sjalfstaett_lif_20_april_2018_0.pdf

Velferðarsvið hefur fengið liðsinni landssamtakanna Þroskahjálpar við þýðingu bæklingins á auðlesið mál til handa fötluðum notendum sviðsins og vonir standa til að unnt verði að gefa bæklinginn út á auðlesnu máli fyrir árslok.

Í bæklingnum er fjallað stuttlega um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Auk kynningar á samningnum í bæklingi hefur verið fjallað um samninginn á fundum með forstöðumönnum á sambýlum og í íbúðakjörnum og á fundum með forsvarsmönnum þjónustu við fatlað fólk á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Þá er að finna ákvæði um samning Sameinuðu þjóðanna í kröfulýsingum sem velferðarsvið gerir fyrir öll sambýli og íbúðakjarna í rekstri sviðsins.

Sendiherrar Sameinuðu þjóðanna á vegum Þroskahjálpar og Átaks, félags fólks með þroskahömlun hafa haldið kynningu á samningi Sameinuðu þjóðanna, m.a. við fræðslu á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf.

Auk framangreinds má geta þess að starfsdagur forstöðumanna íbúðakjarna og sambýla fyrir fatlað fólk sem áætlaður var í október en frestast vegna Covid 19 verður helgaður samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og gæðaviðmiðum Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar sem útgefin voru í ágúst sl. og m.a. kynnt á fundi velferðarráðs þann 16. september síðastliðinn.

Virðingarfyllst,



Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Fylgiskjal:

Fræðsla um sjálfstætt líf, valdeflingu og samning Sameinuðu þjóðanna 2017 – 2020



Fræðsla um sjálfstætt líf, valdeflingu og samning Sameinuðu þjóðanna 2017 – 2020

Þessi samantekt nær til ára 2017 – 2020. Auk þeirrar fræðslu sem er greint frá hér að neðan hefur bæklingur um hugmyndafræði um sjálfstætt líf verið prentaður og honum dreift á heimili fatlaðs fólks þar sem velferðarsvið veitir þjónustu. Einnig hefur fræðsla um hugmyndafræði um sjálfstætt líf verið veitt inn á starfsstöðvar, ef óskað hefur verið eftir því, til dæmis á starfsmannafundum og starfsdögum. Arne Friðrik Karlsson verkefnisstjóri og Árni Viðar Þórarinsson forstöðumaður hafa að mestu séð um að veita þá fræðslu, en ekki hefur verið haldið utan um skráningar við veitingu fræðslunnar.

Námskeiðin hér að neðan eru um hugmyndafræði um sjálfstætt líf og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eða komið inn á samninginn og hugmyndafræðina í fræðslunni á veigamikinn hátt.

V2017:

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf, V2017, Arne Friðrik Karlsson

Kynning á hugtökunum valdefling og sjálfstætt líf og þau sett í samhengi við dagleg störf á heimilum fólks með þroskahömlun. Skoðað verður hlutverk starfsfólks í hugmyndafræðinni og hvernig það getur stuðlað að auknu sjálfstæði þeirra sem það þjónustar. Erindið er afrakstur samvinnu þroskaþjálfara og notanda í búsetuþjónustu og hentar bæði nýliðum og reyndara starfsfólki.

Skráning: 61

Mæting: 52

Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks

Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í mars 2007 og var hann síðan fullgiltur í september 2016 ásamt valkvæðum viðauka. Þessi fullgilding kallar á ýmsar lagabreytingar og aðlögun íslenskra laga.

Markmið samningsins er að efla, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra.

Á námskeiðinu verður fjallað um samninginn og helstu ákvæði hans sem snerta þjónustu sveitarfélaganna.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Rún Knútsdóttir lögfræðingur í velferðarráðuneytinu.

Tímasetning: Miðvikudagur 26. apríl kl. 13:00 – 16:00.

Skráning: 30

Mæting: 15

Þjónandi leiðsögn (Gentle Teaching)

Kynntar verða grunnstoðir hugmyndafræðinnar um þjónandi leiðsögn, uppruna hennar og sögu á Íslandi. Þjónandi leiðsögn byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Mannleg gildi, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í öllum samskiptum. Lögð er áhersla á að nálgast einstaklinginn með alúð, vináttu og umhyggju og hvetja hann til að setja sér markmið og veita aðstoð við að ná þeim. Fræðslan verður í formi fyrirlestra og umræðna.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Arne Friðrik Karlsson, leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði.

Tímasetning: Þriðjudagur 28. febrúar kl. 13:00 – 16:00.

Skráning: 77

Mæting: 52

Hvernig drögum við úr nauðung við fatlað fólk?

(Lög um réttindagæslumenn): Námskeið á vegum réttindavaktar velferðarráðuneytisins

Farið verður yfir lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk með megináherslu á ráðstafanir til að draga úr nauðung. Einnig verður fjallað um persónulega talsmenn og hlutverk réttindagæslunnar almennt. Sérstaklega verður skoðað hvað telst til nauðungar og mikilvægi umræðunnar í því að finna leiðir sem draga úr nauðung og starf sérfræðiteymis kynnt. Að síðustu verða tekin til umræðu dæmi frá þátttakendum úr starfi þeirra. Þátttakendur eru hvattir til að koma með dæmi úr starfi sínu til að leggja fyrir sinn hóp.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinendur: Rún Knútsdóttir lögfræðingur í velferðarráðuneytinu og Halldór Gunnarsson sérfræðingur á réttindavakt.

Tímasetning: Þriðjudagur 7. mars kl. 13:00 – 16:00.

Skráning: 36

Mæting: 23

Valdefling og notendasamráð

- **Að stjórna eigin lífi**

Á námskeiðinu verður farið yfir hugtökin valdefling og notendasamráð. Hvað felst í þeim og á hverju byggja þau. Með virkri þátttöku viðstaddra verður farið yfir dæmi um valdeflingu í lífi fólks, almennt séð og svo sérstaklega þeirra sem þurfa aðstoð til þess að taka þátt í samfélaginu.

Tekin verða fyrir nokkur dæmi* um fatlað fólk sem fær þjónustu hins opinbera og hvernig hægt er að vinna með valdeflingu og í samvinnu við notandann/einstaklinginn á hans/hennar forsendum.

*Óskað er eftir því að þátttakendur komi með dæmi um aðstæður úr eigin vinnuumhverfi þar sem þeir hefðu viljað ný verkfæri og/eða vinnuaðferðir við úrlausn mála.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi MA og fyrrv. félagsmálastjóri.

Tímasetning: Fimmtudagur 16. febrúar kl. 13:00 – 16:00

Mæting: 29

H2017

Nýliðafræðsla, málefni fatlaðs fólks H2017:

Saga þjónustu við fatlað fólk, Arne Friðrik Karlsson (30 mín)

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf, Arne Friðrik Karlsson (45 mín)

Sendiherrar sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (45 mín)

Mæting: 25

Sjálfraði og fólk sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi, H2017, Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent í fötlunarfræði við Menntavísindasvið HÍ (2 klst)

Fjallað verður um þann hóp sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi út frá sjálfraði og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Byggt verður á fyrirlestri og umræðum þar sem leitast er við að tengja efnið við raunveruleikann og áskoranir sem starfsfólk stendur frammi fyrir í starfi.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent í fötlunarfræði við Menntavísindasvið HÍ

Tímasetning: Fimmtudagur 26. október kl. 13:00 – 15:00

Mæting: 17

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf

Kynnt verður hugmyndafræðin um Sjálfstætt líf, uppruna hennar og hvernig hún birtist í lögum og reglugerðum. Skoðað verður hlutverk starfsfólks í hugmyndafræðinni og hvernig það getur stuðlað að auknu sjálfstæði þeirra sem það þjónustar.

Fræðslan verður í formi fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Arne Friðrik Karlsson, leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði.

Tímasetning: Miðvikudagur 18. október febrúar kl. 13:00 – 16:00

Mæting: 21

Að vinna inn á heimilum annarra, samskipti og viðhorf

Á námskeiðinu verður fjallað um:

- Samskipti við aðra, bæði þjónustugega og samstarfsmenn (að bera eigin ábyrgð á samskiptum)
- Viðhorf okkar til vinnunnar, hvernig það skiptir máli, hvernig við getum litið á hana jákvæðum augum
- Að vinna inn á heimilum annarra – virðing fyrir öðrum
- Hvernig hægt er að minnka líkur á erfiðri hegðun og ofbeldi af hendi þjónustugega
- Hvernig er hægt að bregðast við slíkri hegðun/ofbeldi
- Hvað á að gera þegar starfsmenn lenda í erfiðum aðstæðum á heimilum

Markhópur: Starfsfólk sem starfar við umönnun, í heimaþjónustu, á hjúkrunarheimilum, búsetukjörnum og í þjónustuúrræðum fyrir fatlaða.

Leiðbeinandi: Arne Friðrik Karlsson, þroskaþjálfari og leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði

Mæting: 36

Sjálfræði og fólk sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi

Fjallað verður um þann hóp sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi út frá sjálfræði og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Byggt verður á fyrirlestri og umræðum þar sem

leitast er við að tengja efnið við raunveruleikann og áskoranir sem starfsfólk stendur frammi fyrir í starfi.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent í fötlunarfræði við Menntavísindasvið HÍ

Tímasetning: Fimmtudagur 26. október kl. 13:00 – 15:00

Mæting: 17

V2018

Að ráða í eigin lífi: Valdefling og sjálfstætt líf.

Fræðsluerindi um hugmyndafræði og leiðir til að styðja fatlað fólk við að ráða í eigin lífi. Erindið er afrakstur samvinnu þroskaþjálfara og notanda á þjónustusvæði Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks og er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu starfsfólks og þeim leiðum sem stutt geta við sjálfstætt líf.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Árni Viðar Þórarinsson, þroskaþjálfari og deildarstjóri.

Tímasetning: Miðvikudagur 14. febrúar kl. 13:00 – 16:00.

Skráning: 18

Mæting: 10

Nýliðafræðsla, málefni fatlaðs fólks V2018:

Saga þjónustu við fatlað fólk, Arne Friðrik Karlsson (30 mín)

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf, Arne Friðrik Karlsson (45 mín)

Að vinna á heimilum fólks, Hanna Kristín Sigurðardóttir (45 mín)

Sendiherrar sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (45 mín)

Mæting: 52 í maí, 41 í júní

Valdefling og notendasamráð - Að stjórna eigin lífi

Á námskeiðinu verður farið yfir hugtökin valdefling og notendasamráð. Hvað felst í þeim og á hverju byggja þau.

Með virkri þátttöku viðstaddra verður farið yfir dæmi um valdeflingu í lífi fólks, almennt séð og svo sérstaklega þeirra sem þurfa aðstoð til þess að taka þátt í samfélaginu.

Tekin verða fyrir nokkur dæmi* um fatlað fólk sem fær þjónustu hins opinbera og hvernig hægt er að vinna með valdeflingu og í samvinnu við notandann/einstaklinginn á hans/hennar forsendum.

*Óskað er eftir því að þátttakendur komi með dæmi um aðstæður úr eigin vinnuumhverfi þar sem þeir hefðu viljað ný verkfæri og/eða vinnuaðferðir við úrlausn mála.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi MA og fyrrv. félagsmálastjóri.

Tímasetning: Þriðjudagur 27. febrúar kl. 13:00 – 16:00.

Mæting: 16

H2018

Hvernig drögum við úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk? (Lög um réttindagæslu): Námskeið á vegum réttindavaktar velferðarráðuneytisins

Farið verður yfir lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk með megináherslu á ráðstafanir til að draga úr nauðung. Einnig verður fjallað um persónulega talsmenn og hlutverk réttindagæslunnar almennt.

Sérstaklega verður skoðað hvað telst til nauðungar og mikilvægi umræðunnar í því að finna leiðir sem draga úr nauðung og starf sérfræðiteymis kynnt.

Að síðustu verða tekin til umræðu dæmi frá þátttakendum úr starfi þeirra.

Þátttakendur eru hvattir til að koma með dæmi úr starfi sínu til að leggja fyrir sinn hóp.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinendur: Rún Knútsdóttir lögfræðingur velferðarráðuneytinu, Salóme Anna Þórisdóttir sérfræðingur hjá sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr nauðung í þjónustu við fatlað fólk og Halldór Gunnarsson sérfræðingur á réttindavakt.

Tímasetning: Þriðjudagur 6. nóvember kl. 9:00 – 12:00.

Mæting:12

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf

Kynnt verður hugmyndafræðin um Sjálfstætt líf, uppruna hennar og hvernig hún birtist í lögum og reglugerðum. Skoðað verður hlutverk starfsfólks í hugmyndafræðinni og hvernig það getur stuðlað að auknu sjálfstæði þeirra sem það þjónustar.

Fræðslan verður í formi fyrirlestra, umræðna og verkefnavinnu.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Arne Friðrik Karlsson, leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði.

Tímasetning: Fimmtudagur 25. október kl. 9:00 – 12:00.

Mæting: 11

Sjálfraði og fólk sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi

Fjallað verður um þann hóp sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi út frá sjálfraði og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Byggt verður á fyrirlestri og umræðum þar sem leitast er við að tengja efnið við raunveruleikann og áskoranir sem starfsfólk stendur frammi fyrir í starfi.

Markhópur: Starfsfólk sambýla, búsetukjarna og aðrir sem vinna með fötluðum einstaklingum.

Leiðbeinandi: Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor í fötlunarfræði við Menntavísindasvið HÍ

Tímasetning: Fimmtudagur 29. nóvember kl. 13:00 – 15:00

Skráning: 24

V2019

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf

Kynning á hugtökunum valdefling og sjálfstætt líf og þau sett í samhengi við dagleg störf á heimilum fólks með þroskahömlun. Skoðað verður hlutverk starfsfólks í hugmyndafræðinni og hvernig það getur stuðlað að auknu sjálfstæði þeirra sem það þjónustar. Erindið er afrakstur samvinnu þroskaþjálfara og notanda í búsetuþjónustu og hentar bæði nýliðum og reyndara starfsfólki.

Markhópur: Starfsfólk málefni fatlaðra

Leiðbeinandi: Árni Viðar Þórarinsson, forstöðuþroskaþjálfari

Tímasetning: Þriðjudagur 5. mars, Kl.13:00-15:00

Mæting: 22

Nýliðafræðsla, málefni fatlaðs fólks V2018:

Saga þjónustu við fatlað fólk, Arne Friðrik Karlsson (30 mín)

Hugmyndafræði um sjálfstætt líf, Arne Friðrik Karlsson (45 mín)

Að vinna á heimilum fólks, Hanna Kristín Sigurðardóttir (45 mín)

Sendiherrar sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (45 mín)

Mæting: 54 í maí, 33 í júní

H2019

VEL 01.10.19 Þjónandi leiðsögn

Vindheimar 7. hæð

01.10.19 Kl. 13:00 – 16:00

Fyrirlesarar: Fanney Gunnarsdóttir, Sara Björk L. Gunnarsdóttir

Kynntar verða grunnstoðir hugmyndafræðinnar um þjónandi leiðsögn, uppruna hennar og sögu á Íslandi. Þjónandi leiðsögn byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem samskipti á milli starfsfólks og notenda eru þungamiðjan. Mannleg gildi, vinátta, umhyggja, tengsl og hvatning eru grundvallaratriði í öllum samskiptum. Lögð er áhersla á að nálgast einstaklinginn með alúð, vináttu og umhyggju og hvetja hann til að setja sér markmið og veita aðstoð við að ná þeim. Fræðslan verður í formi fyrirlestra og umræðna.

Skráning: 33

Mæting: 20

VEL 18.09.19b Hugmyndafræði um sjálfstætt líf

Vindheimar 7. hæð

18.09.19 kl. 13:00 – 15:00

Fyrirlesari: Árni Viðar Þórarinsson

Kynning á hugtökunum valdefling og sjálfstætt líf og þau sett í samhengi við dagleg störf á heimilum fólks með þroskahömlun. Skoðað verður hlutverk starfsfólks í hugmyndafræðinni og hvernig það getur stuðlað að auknu sjálfstæði þeirra sem það þjónustar. Erindið er afrakstur samvinnu þroskaþjálfara og notanda í búsetuþjónustu og hentar bæði nýliðum og reyndara starfsfólki.

Mæting: 25

VEL 26.11.19 Umsóknarferli um undanþágu fyrir beitingu nauðungar

Vindheimar, 7. hæð

Kl. 13:00 – 16:00

Fyrirlesari: Eyrún Ellý Valsdóttir, Arne Friðrik Karlsson, Ragna Ragnarsdóttir

Námskeiðið er ætlað starfsfólki sem starfar við þjónustu við fatlað fólk.

Farið verður yfir markmið laga um nauðung og þvingun, skilgreiningar á nauðung og þvingun og umsóknarferli um undanþágu frá beitingu nauðungar í þjónustu við faltað fólk.

Námskeiðið fer fram í formi fyrlestra og umræðna.

Skráning: 29

Mæting: 15

VH2020

Covid hefur hamlað veitingu fræðslu. Hinsvegar er efni aðgengilegt nýjum starfsmönnum á workplace síðunni Nýliðamóttaka VEL – Málefni fatlaðs fólks. Nýtt starfsfólk er sjálfkrafa skráð þar inn. Hinsvegar hefur verið mismunandi útfærsla á því hvernig starfsstaðir hafa látið nýtt starfsfólk fara í gegnum efnið. Sumir hafa sýnt öllum hópnum efnið, en þá glatast yfirsýn yfir þáttökufjölda. Á öðrum stöðum fara einstaka starfsmenn í gegnum efnið og þá kemur fram tölfræði um þann fjölda.

Þeir hlutar sem snúa að samningi sameinuðu þjóðanna og hugmyndafræði um sjálfstætt líf eru:

- Saga þjónustu við faltað fólk
- Hugmyndafræði um sjálfstætt líf
- Þjónandi leiðsögn
- Fatlað fólk og ofbeldi

Undirbúningur er nú hafinn hjá Reykjavíkurborg um innleiðingu fræðslukerfis sem mun bæta til muna eftirfylgni á þeirri grunnfræðslu sem nýir starfsmenn þurfa að sitja.